

# FUNDARGERÐ



## Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

### 125. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 16. maí 2013 kl. 13:00

#### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning:
2. Ársreikningur 2012 – seinni umræða:
3. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Pingeyjarsveit frá 05.02.2013:
4. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 08.05.2013:
5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 06.05.2013:
6. Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Uglan kaffihús:

#### **Til kynningar:**

- a) Fundargerðir 238., 239., 240. og 241. fundar stjórnar Eypings:
- b) Fundargerð 152. fundar HNE og ársreikningur 2012:
- c) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga og ársreikningur 2012:

Mætt: Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fundarsetning:**

Varaoddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 7. lið; Ljósveitingabúð og undir 8. lið; Bréf frá Norðurorku hf.

Samþykkt samhljóða.

**2. Ársreikningur 2012 – seinni umræða:**

Ársreikningur sveitarfélagsins 2012 lagður fram til síðari umræðu ásamt endurskoðunarskýrslu KPMG.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður. Ársreikningurinn verður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins.

**3. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 02.05.2013:**

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 2. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**4. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 08.05.2013:**

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 8. maí s.l. Friðrika gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 06.05.2013:**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 6. maí s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu tillögu nefndarinnar í 1. lið um að veita 1 tíma í afslátt fyrir hvern kennara u.þ.b. 20 tíma í heildina vegna sameiningar skólanna, þar til frekari upplýsinga hefur verið aflað. Fundargerðin staðfest að öðru leyti með fimm atkvæðum gegn einu. Árni Pétur Hilmarsson vék af fundi. Ásta Svavarsdóttir greiddi atkvæði á móti og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég harma ákvörðun Fræðslunefndar og sveitarstjórnar um áframhaldandi rekstur tveggja starfstöðva Þingeyjarskóla. Reynsla síðasta vetrar sýnir að nemendur og foreldrar eru óánægðir með núverandi fyrirkomulag. Tel ég affarsælast að skólahald skólans fari fram á einum stað með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þá tel ég þessi vinnubrögð ekki til marks um ábyrga fjármálastefnu með sérstöku tilliti til síðasta ársreiknings.“

Þá lagði meirihluti sveitarstjórnar fram eftirfarandi bókun:

„Meirihlutinn bendir á að ekki er verið að taka nýja ákvörðum um rekstrarform Þingeyjarskóla. Jafnframt vekur meirihlutinn athygli á að fræðslumálin fóru u.þ.b.1% fram úr áætlun samkvæmt ársreikningi 2012.“

**6. Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Uglan kaffihús:**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um breytingu á rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki I, Gamla barnaskólans Skógum, Uglan kaffihús þar sem Valgerður H. Bjarnadóttir er leyfishafi. Agnes Þ. Guðbergsdóttir óskar eftir að taka við rekstri kaffihússins Uglu í þrjá mánuði undir rekstri Systragils með rekstrarleyfi Valgerðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á rekstrarleyfi.

**7. Ljósvefningabúð:**

Lagt fram erindi frá Róberti Melax dags. 12. maí s.l. þar sem hann óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið um kaup á félagsheimilinu Ljósvefningabúð.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur formanni Félags- og menningarmálanefndar og sveitarstjóra að ræða við viðkomandi.

## 8. Bréf frá Norðurorku hf.:

Lagt fram bréf frá Helga Jóhannessyni f.h. Norðurorku hf. þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar um áframhaldandi rannsóknir við Hrafnabjörg í Bárðardal; Hrafnabjargavirkjun. Bréfið er sent í framhaldi af ákvörðun Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. um að nýta sér ekki forkaupsrétt sinn í þeim hluta Orkuveitu Reykjavíkur sem nú er til sölu í Hrafnabjargavirkjun ehf., auk þess að hafa óskað eftir viðræðum við aðra hluthafa Hrafnabjargavirkjunar ehf. um að þeir kaupi hlut Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf. í félaginu sem er nú 2,5%.

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir rannsóknum á svæðinu en ítrekar eftirfarandi stefnumótun sveitarfélagsins sem sett er fram í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, í kaflanum *Framtíðarsýn og meginmarkmið*:

„Það er stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun. Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einkanota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði, en sveitarfélagið er á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandafljót.“

### *Til kynningar:*

- a) Fundargerðir 238., 239., 240. og 241. fundar stjórnar Eyþings:
- b) Fundargerð 152. fundar HNE og ársreikningur 2012:
- c) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga og ársreikningur 2012:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00

---

Arnór Benónýsson

---

Eiður Jónsson

---

Margrét Bjarnadóttir

---

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

---

Friðrika Sigurgeirsdóttir

---

Ásta Svavarsdóttir

---

Árni Pétur Hilmarsson